


Ítrekun: Tiltekt í gömlum vanskilum

Ágæta Gegnisfólk,

Fyrr í haust kynntum við á námskeiðum og sendum út bréf um nauðsyn þess að hreinsa út gömul vanskil, þ.e.a.s. vanskil sem eru eldri en eins árs. Til að auðvelda vinnuna við að hreinsa upp gömul vanskil þá voru útbúnir listar yfir vanskil sem eru eldri en eins árs fyrir hvert einasta útlánasafn í kerfinu, sjá bréf um tiltekt í gömlum vanskilum sem sent var út 9. október 2019. Athugið að söfnin verða að hreinsa gömul útlán því ekki er hægt að gera það vélrænt hjá Landskerfi bókasafna.

Til þess að styðja við þessa vinnu settum við upp sjálfvirka keyrslu sem telur í hverri viku vanskil eldri en eins árs. Þegar horft er á heildarmyndina síðustu vikunnar hefur fjöldi vanskila eldri en árgömul staðið að mestu í stað og ef vel er að gáð aukist aðeins, sjá mynd.

Vanskil bókasafna eldri en árs gömul eftir stjórnunareiningum



Athugið að stjórnunareining ICE55 - Grunnskólar á Höfuðborgarsvæðinu er ekki á myndinni og einnig vill svo undarlega til að línan fyrir Vesturland og Norðurland fellur saman.

Grunnskólar á Höfuðborgarsvæðinu eru margir og eru með langflest vanskilin. Við munum skoða þá sérstaklega og reyna að koma með góðar ábendingar um hvernig best sé að vinna úr þeim.

Við hvetjum ykkur til að skoða og vinna úr vanskilalistum fyrir vanskil eldri en árgömul reglulega til að það saxist á þau frekar en að það bætist við. Vinsamlega athugið að þetta átaksverkefni ætti að vera í forgangi hjá öllum söfnum næstu vikunnar. Ekkert safn vill vera í þeirri stöðu þegar nýtt kerfi fer í loftið að eyða tíma í að leita að eintökum uppi í hillu sem eru alls ekki til á safni.

Bréf og leiðbeiningar um eldri vanskilalista er að finna fyrir innskráða notendur á vef Landskerfis bókasafna: <https://www.landskerfi.is/kerfin/innleiding-sierra/verkefni-bokasafnanna/verkefni-bokasafnanna>

Bestu kveðjur,
Starfsfólk Landskerfis bókasafna